

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1399/1999

frá 29. apríl 1999

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 51. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem er lögð fram að höfðu samráði við framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rétt er að gera vissar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ⁽⁴⁾ og reglugerð (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ⁽⁵⁾. Þessar breytingar tengjast breytingum sem aðildarríkin hafa gert á almannatryggingalöggjöf sinni.
- 2) Beiting 8. kafla varðandi lífeyri fyrir börn, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, hefur í för með sér vandamál varðandi túlkun og framkvæmd og það er þessum einstaklingum í hag að reikna lífeyri þeirra út í samræmi við ákvæði 3. kafla III. bóls fremur en á grundvelli ákvæða 8. kafla.
- 3) Útreikningur í samræmi við 3. kafla á lífeyri vegna barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, hefur ekki áhrif á þá skuldbindingu að greiða, í samræmi við fordæmi dómstólsins, mismunandi háar fjárhæðir til annarra bóta í 8. kafla.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB C 325, 23.10.1998, bls. 12.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 150, 28.5.1999.

⁽³⁾ Stjútíð. EB C 101, 13.4.1999, bls. 41.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðin var uppfærð með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjútíð. EB L 28, 30.1.1997) og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 307/99 (Stjútíð. EB L 38, 12.2.1999).

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 2. Reglugerðin var uppfærð með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjútíð. EB L 28, 30.1.1997) og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 307/99 (Stjútíð. EB L 38, 12.2.1999).

- 4) Rétt virðist að breyta þættinum „L. PORTÚGAL“ í viðauka II a í því skyni að taka tillit til breytinga á portúgalskri löggjöf.
- 5) Rétt er að bæta nýjum lið við þáttinn „G. ÍRLAND“ og nýjum lið við þáttinn „O. BRETLAND“ í VI. viðauka í því skyni að taka tillit til sérstakra forgangsreglna varðandi uppsöfnun réttinda til fjölskyldugreiðslna samkvæmt breskri og írskri löggjöf á grundvelli atvinnustarfsemi á yfirráðasvæði annars þessara tveggja aðildarríkja.
- 6) Ákvæði í viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 hafa ekki bein áhrif á ákvörðun um réttindi einstaklinga.
- 7) Leggi hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, eða lögbær yfirvöld þeirra fram beiðni um það ætti framkvæmdastjórninni að vera unnt, að fengnu álit framkvæmdaráðsins, að breyta öllum viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 með samþykkt reglugerðar. Ástæðan fyrir breytingu á þessum viðaukum er beinlínis sú að fella saman í einn bandalagsgerning ákvarðanir viðkomandi aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra.
- 8) Nauðsynlegt er að breyta þættinum „43. SPÁNN – ÍTALÍA“ í 5. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72
- 9) Rétt er að breyta þættinum „E. FRAKKLAND“ í 10. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72 í kjölfar stjórnsýslulegrar endurskipulagningar í Frakklandi á umfjöllun um umsóknir um framlengingu tímabils sem útsendur starfsmaður gegnir starfi eða um sérstöku starfi.
- 10) Til að ná markmiðinu um frjálsa för starfandi fólks með tilliti til almannatrygginga er nauðsynlegt og rétt að breyta reglum um samræmingu innlendra almannatryggingakerfa með lagagerningi bandalagsins sem er bindandi og gildir án frekari lögfestingar í hverju aðildarríki.
- 11) Þetta er í samræmi við ákvæði 3. mgr. 3. gr. b í sáttmálanum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 44. gr.:

„3. Þessi kafli gildir hvorki um hækkanir né viðbótargreiðslur á lífeyri vegna barna eða lífeyri vegna barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, sem skal greiða samkvæmt ákvæðum 8. kafla.“

2. eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 78. gr.:

„1. Hugtakið „bætur“ merkir í þessari grein fjölskyldugreiðslur og, eftir því sem við á, viðbótar- eða sérgreiðslur vegna barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra.“;

3. eftirfarandi grein bætist við:

„78. gr. a

Farið skal með lífeyri vegna barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, annan en lífeyri sem er greiddur samkvæmt tryggingakerfi vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, sem „bætur“ í skilningi 1. mgr. 78. gr. ef hinn látni heyrði undir kerfi sem annast einungis fjölskyldugreiðslur eða viðbótar- eða sérgreiðslur til barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra. Þessi kerfi eru tilgreind í VIII. viðauka.“;

4. 79. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað „77. og 78. gr.“ í 1. og 3. mgr. komi „77. gr., 78. gr. og 78. gr. a“;

b) í stað „77. og 78. gr.“ í 2. mgr. komi „77. gr., 78. gr. og 78. gr. a“;

5. 79. gr. a er breytt sem hér segir:

a) í stað „78. gr.“ 1. mgr. komi „78. gr. a“;

b) orðin „nema kveðið sé á um annað í 3. mgr. 44. gr.“ komi á eftir orðunum „8. kafla“ í 2. mgr.;

6. eftirfarandi grein bætist við:

„95. gr. e

Bráðabirgðaákvæði vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 1399/1999 ⁽¹⁾

1. Reglugerð (EB) nr. 1399/1999 gildir um réttindi barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, ef það foreldri, sem réttindin eru bundin við, féll frá eftir 1. september 1999.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1399/1999 skal taka tillit til allra trygginga- eða búsetutímabila sem er lokið samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 1. september 1999.

3. Heimilt er að endurmeta réttindi barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, ef það foreldri, sem réttindin eru bundin við, féll frá fyrir 1. september 1999 og leggi þau fram beiðni um það í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1399/1999.

4. Ef beiðnin, sem um getur í 3. mgr., er lögð fram innan tveggja ára frá 1. september 1999 skulu áunnin réttindi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1399/1999 gilda frá þeim degi og skal óheimilt að beita lagaákvæðum aðildarríkis um missi eða fyrningu réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

5. Ef beiðnin, sem um getur í 3. mgr., er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. september 1999 er liðinn gilda þau réttindi, sem hafa ekki þegar tapast eða fyrnst, frá þeim tíma sem beiðnin er lögð fram, nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði aðildarríkis eru hagstæðari.

⁽¹⁾ Stjótíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1.“

7. eftirfarandi bætist við í a-lið í þættinum „C. ÞÝSKALAND“ í I. hluta I. viðauka:

„eða opinberan starfsmann sem fær fyrir störf sín greiðslu sem er að minnsta kosti jafnhá þeim greiðslum sem launþegi fengi úr skyldutryggingum vegna atvinnuleysis;“

8. í stað þáttarins „L. PORTÚGAL“ í II. viðauka a komi eftirfarandi:

„L. PORTÚGAL

- a) Iðgjaldsfrjálsar fjölskyldugreiðslur vegna barna og ungs fólks og viðbótargreiðslur vegna fötlunar (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).
- b) Iðgjaldsfrjálsar greiðslur vegna sérskólasóknar (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).
- c) Iðgjaldsfrjáls lífeyrir til barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).
- d) Iðgjaldsfrjáls elli- og örorkulífeyrir frá hinu opinbera (lagaúrskurður nr. 464/80 frá 13. október 1980).
- e) Iðgjaldsfrjálsar greiðslur vegna umönnunar frá hendi þriðja aðila (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og hinum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).
- f) Iðgjaldsfrjáls ekknalífeyrir (reglugerðarúrskurður nr. 52/81 frá 11. nóvember 1981.)“;

9. III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað 37. liðar í A-hluta komi eftirfarandi:

„Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 28. apríl 1997.“;

b) í stað 37. liðar í B-hluta komi eftirfarandi:

„Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 28. apríl 1997.“;

10. IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi texti bætist við í g-lið 1. liðar í D-hluta:

„og viðbót við barnalífeyri í samræmi við lög um eftirlifendalífeyri frá 17. janúar 1969;“

b) eftirfarandi bætist við í 3. lið í D-hluta:

„Samningur um félagslegt öryggi frá 28. apríl 1997 milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og Finnlands.“;

11. VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) orðin „að frátöldum þeim sem látið hafa af störfum vegna aldurs“ í 3. lið þáttarins „C. ÞÝSKALAND“ falli niður;

b) önnur málsgrein í 9. lið í þættinum „D. SPÁNN“ verði svohljóðandi:

„Sin embargo, el Régimen Especial de Estudiantes español („Seguro Escolar”) se aplicará a aquellos estudiantes que sean nacionales de otros Estados miembros y estén estudiando en España, en las mismas condiciones que los estudiantes de nacionalidad española. (Á aðeins við í spænsku útgáfunni);“

c) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „G. ÍRLAND“:

„11. Ef aðstandandi fær fjölskyldubætur, sem fást einungis samkvæmt breskri löggjöf eða 73., 74., 77., 78. eða 78. gr. a í reglugerðinni, fellur niður réttur til tekjuauka vegna fjölskyldu (family income supplement), sem fæst einungis samkvæmt írskri löggjöf, fyrir sama tímabil.“;

d) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „J. HOLLAND“:

„7. Beiting II. bálks reglugerðarinnar gagnvart „directeur-grootaandeelhouder“ (forstjóra/stórum hluthafa) í hlutafélagi:

hver sá sem stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi í Hollandi fyrir hönd hlutafélags, þar sem hann/hún hefur „umtalsverðra hagsmuna“ að gæta í skilningi hollenskrar löggjafar (þ.e. ræður yfir hlut sem felur í sér að minnsta kosti 50% atkvæðisréttar), telst vera launþegi að því er ákvæði II. bálks reglugerðarinnar varðar.“;

e) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „O. BRETLAND“:

„21. Ef aðstandandi fær fjölskyldubætur, sem fást einungis samkvæmt írskri löggjöf eða 73., 74., 77., 78. eða 78. gr. a í reglugerðinni, fellur niður réttur til fjölskylduuppbótar (family credit), sem fæst einungis samkvæmt breskri löggjöf, fyrir sama tímabil.“;

12. Ákvæði 9. liðar í VII. viðauka falli niður.

13. Við bætist nýr VIII. viðauki sem fylgir þessari reglugerð með fyrirsögninni „KERFI SEM ANNAST EINUNGIS FJÖLSKYLDUGREIÐSLUR EÐA VIÐBÓTAR- EÐA SÉRGREIÐSLUR TIL BARNNA SEM HAFNA MISST ANNAÐ FORELDRI EÐA BÁÐA FORELDRA“.

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt sem hér segir:

1. fyrirsögn 120. gr. verði svohljóðandi:

„**Personas que estudian o cursan formación profesional (á aðeins við í spænsku útgáfunni);“**

2. í stað 122. gr. komi eftirfarandi:

„*Article 122*“

Sérákvæði um breytingar á viðaukunum

Hægt er að breyta viðaukunum við framkvæmdarreglugerðina með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, að beiðni hlutadæigandi aðildarríkis eða aðildarríkja eða lögbærri yfirvalda þeirra og að fengnu samhljóða álitu framkvæmdaráðsins.“;

3. 2. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í þættinum „B. DANMÖRK“:

i) komi eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. Veikindi og meðganga og fæðing

a) aðstoð:

1. Almennt:

Þar til bær amtskommune (svæðisstjórn). Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn og Frederiksberg: staðaryfirvöld. Meðferð á sjúkrahúsi í þessum tveimur sveitarfélögum: Hovedstadens Sygehusfælleskab (samtök sjúkrahúsa í höfuðstaðnum).

2. Sjá ákvæði 4. og 5. þáttar í 1. kafla III. bóls í reglugerðinni og 28. til 30. gr. í framkvæmdareglugerðinni að því er varðar umsækjendur um lífeyri og lífeyrisþega og aðstandendur þeirra sem eru búsettir í öðru aðildarríki:

„Den Sociale Sikringsstyrelse (stjórn almannatrygginga), København“

b) bætur í peningum:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).

ii) komi eftirfarandi í stað 5. liðar:

„5. Styrkir vegna andláts

a) Tryggðir einstaklingar búsettir í Danmörku:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

b) Bótaþegar búsettir í öðru aðildarríki (sjá 5. kafla í III. bóli reglugerðarinnar og 78. og 79. gr. framkvæmdareglugerðarinnar):

Heilbrigðisráðuneytið, København;“

b) þættinum „C. ÞÝSKALAND“ er breytt sem hér segir:

i) eftirfarandi tveir undirliðir komi í stað textans á eftir orðunum „Ef iðgjöld voru síðast greidd til“ í öðrum undirlið i-liðar í a-lið 2. liðar:

„Landesversicherungsanstalt für das Saarland (héraðstryggingastofnunar Saarlands), Saarbrücken og ef viðkomandi er búsettur í Frakklandi, á Ítalíu í Lúxemborg eða er ríkisborgari þessara landa og búsettur í ríki öðru en aðildarríki:

Landesversicherungsanstalt für das Saarland (héraðstryggingastofnunar Saarlands), Saarbrücken

Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main:

Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main“

ii) orðin „þó ekki í Saarlandi“ í fyrsta undirlið í b-lið 2. liðar falli niður;

iii) tvípunktur á eftir orðunum „í Saarlandi“ í annarri undirgrein i-liðar í b-lið 2. liðar falli niður og orðin „ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til lífeyristryggingastofnunar í Frakklandi, á Ítalíu eða í Lúxemborg“ bætist við;

4. eftirfarandi liður bætist við í þættinum „H. ÍTALÍA“ í 4. viðauka:

„3a. Öroku-, elli- og eftirlifendabætur — kerfi fyrir opinbera starfsmenn og þá sem njóta sömu réttinda:

Istituto Nazionale di Previdenza per i Dipendenti delle Amministrazioni Pubbliche (INPDAP), (félagsmála-stofnun fyrir opinbera starfsmenn), Roma“;

5. eftirfarandi komi í stað orðsins „Engin“ í liðnum „43. SPÁNN — ÍTALÍA“ í 5. viðauka:

“Samningur um nýjar reglur um úrbætur og einföldun á endurgreiðslu kostnaðar við heilsugæslu frá 21. nóvember 1997 með tilliti til 3. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar (endurgreiðslur kostnaðar við aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar) og 93. gr, 94. gr., 95. gr., 100. gr. og 102. gr. (5. mgr.) framkvæmdareglugerðarinnar (reglur um endurgreiðslur bóta vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar og vegna síðbúinna krafna).“;

6. 7. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „D. SPÁNN“:

„D. SPÁNN: Banco Santander, Madrid“;

b) eftirfarandi komi í stað núverandi texta í þættinum „M. FINNLAND“:

„M. FINNLAND: Leonia Pankki Oyj, Helsinki/Leonia bank Abp, Helsingfors.“;

7. eftirfarandi komi í stað 5. liðar í þættinum „E. FRAKKLAND“ í 10. viðauka:

„5. Við beitingu 14. gr. (b-liður 1. liðar), 14. gr. a (b-liður 1. liðar) og 17. gr. reglugerðarinnar:

Centre de sécurité sociale des travailleurs migrants (miðstöð almannatrygginga farandlaunþega), Paris“.

3. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1999.

2. Ákvæði 12. liðar 1. gr. gilda frá 1. janúar 2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MÜLLER

forseti

VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

(78. gr. a í reglugerðinni)

**KERFI SEM ANNAST EINUNGIS FJÖLSKYLDUGREIÐSLUR EÐA VIÐBÓTAR- EÐA
SÉRGREIÐSLUR VEGNA BARNNA SEM HAFNA MISST ANNAÐ FORELDRI EÐA BÁÐA
FORELDRA**

A. BELGÍA

- a) Fjölskyldugreiðslur sem kveðið er á um í samræmdum lögum um fjölskyldugreiðslur fyrir launþega.
- b) Fjölskyldubætur sem kveðið er á um í löggjöf um fjölskyldubætur fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga.
- c) Fjölskyldubætur sem eru veittar samkvæmt kerfum fyrir fyrrverandi starfsmenn í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí.

B. DANMÖRK

„Sérstakar fjölskyldugreiðslur og almennar fjölskyldugreiðslur og viðbótarfjölskyldugreiðslur sem eru veittar ef forsjáraðilinn sér einn um framfærslu.

Einnig eru veittar bætur til framfærslu allra barna undir 18 ára aldri ef þau eru búsett í Danmörku og ef forsjáraðilinn greiðir fulla skatta samkvæmt dönskum lögum.“

C. ÞÝSKALAND

Engin

D. SPÁNN

Engin

E. FRAKKLAND

Öll grunnkerfi almannatrygginga, þó ekki sérkerfi fyrir launþega (embættismenn, opinbera starfsmenn, sjómenn, lögbókendur, starfsmenn EDG-GDF, SNCF og RATP, starfsmenn Óperunnar og Comédie française o.s.frv.) nema kerfi fyrir menn í námuvinnu.

F. GRIKKLAND

Engin

G. ÍRLAND

Barnabætur, (iðgjaldsskyldar) greiðslur til barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, og hækkun (iðgjaldsskylds) ekknalífeyris og (iðgjaldsskylds) ekknalífeyris vegna barna sem uppfylla skilyrði samkvæmt almannatryggingalögum (Social Welfare (Consolidation) Act) frá 1993 og lögum um breytingu á þeim.

H. ÍTALÍA

Engin

I. LÚXEMBOURG

Engin

J. HOLLAND

Engin

K. AUSTURRÍKI

Engin

L. PORTÚGAL

Engin

M. FINNLAND

Engin

N. SVÍÐJÓÐ

Engin

O. BRETLAND

1. Stóra-Bretland og Norður-Írland

Ákvæði samkvæmt lögum um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits Act) frá 1992 og lögum um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits (Northern Ireland) Act) frá 1992 varðandi barnabætur (þar með taldar hærri fjárhæðir til einstæðra foreldra); greiðslur vegna framfærslu barna til lífeyrisþega og greiðsla til forráðamanns.

2. Gíbraltar

Ákvæði samkvæmt reglum um almannatryggingar (opið bótakerfi til lengri tíma) (Social Security (Open Long-Term Benefits Scheme) Ordinance) frá 1997 og reglum um almannatryggingar (lokað bótakerfi til lengri tíma) (Social Security (Closed Long-Term Benefits Scheme) Ordinance) frá 1996 varðandi hækkun á greiðslum vegna framfærslu barna til lífeyrisþega og greiðsla til forráðamanns.“
